

Ísland - staðir sem ég fór til í sumar

Ég ætla að fjalla um staði sem ég fór til í sumar og mér fannst þetta þrír af þeim fallegustu stöðum sem ég hef séð á Íslandi.

Einn af frægustu stöðunum sem ég skoðaði er Geysir. Geysir er mikið umtalaður staður á Íslandi sérstaklega ef þú ert ferðamaður. Þar getur þú skoðað nokkra aðra goshveri eins og Strokk, Litla-Strokk og einnig Geysi en hann lætur lítið af sér síðustu ár. Geysir er einnig mjög stór ferðamannastaður á Íslandi. Það hefur verið reist hótél á svæðinu og það er líka kjörbúð nálægt. Það koma rútur reglulega að Geysi og þær eru vanalega fullar af fólki frá fjölmörgum löndum.

Goðafoss er líka einn af þessum stöðum sem ég kom við í sumar, við vorum ekki lengi þar þannig að ég fékk ekki langan tíma til þess að skoða mig um. Goðafoss er rosalega stór og epískur, einn af þessum stöðum sem allir ættu að fara og skoða. Þessi staður er líka einn af þeim sem er eftirsóttur af ferðamönnum og vanalega er bílplanið allt fullt. Goðafoss er einn af vatnsmestu fossum hér á landi og hann er 9m til 17m á hæð. Það er stór útsýnispallur rétt við hlið fossins og svo er annar ofar. Goðafoss er staðsettur í Skjálfandafljóti í Bárðadal. Hann skiptist svo upp í tvo aðal fossa og nokkra litla.

Bláa lónið er seinasti staðurinn sem ég heimsótti í sumar. Það er afskaplega flott hjá Bláa lóninu út af umhverfinu og hversu flott vatnið er á litinn. Þetta er frábær staður og gott að láta líða úr sér í vatninu og njóta umhverfisins. Það er frekar dýrt að vera þarna en það er þess virði.

Þetta eru þrír af stöðunum sem ég fór til í sumar. Einstaklega flottir staðir og mæli með að fólk fari þangað við fyrsta tækifæri.

Fjölur Bragi Brynjarsson 10. SKB

Heimildir:

<https://is.wikipedia.org/wiki/Geysir>

https://is.wikipedia.org/wiki/Go%C3%B0afoss_%C3%AD_Skj%C3%A1fandaflj%C3%B3ti